



Aðgerðaáætlun Hrunamannahrepps

VEGNA INNLEIÐINGAR BARNASÁTTMÁLANS

2024

Samþykkt í sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 19.12.2024



Barnvæn
sveitarfélög

unicef 

fyrir öll börn

HRUNAMANNAHREPPUR

Efnisyfirlit

Barnvæn sveitarfélög	6
Innleiðingarferli Barnvænna sveitarfélaga	6
Greinargerð vegna stöðumats	9
Leiðbeinandi spurningalistar	9
Spurningakannanir	13
Barnaþing	18
Sérfræðihópar barna	23
Samantekt	24
Aðgerðaáætlun Hrunamannahrepps 2022-2025	25
1. Raddir barna- Barnaþing haldið annaðhvert ár.....	26
Tenging við stöðumat	26
Ábyrgðaraðili.....	26
Tímarammi	26
Grunnþættir Barnvæns sveitarfélags	26
2. Efla þátttöku barna/ungmenna í stefnumótun og ákvörðunum sveitarfélagsins.....	27
Tenging við stöðumat	27
Ábyrgðaraðili.....	27
Tímarammi	27
Grunnþættir Barnvæns sveitarfélags	27
3. Markviss fræðsla fyrir starfsfólk sveitarfélagsins	28
Tenging við stöðumat	28
Ábyrgðaraðili.....	28
Tímarammi	28
Grunnþættir Barnvæns sveitarfélags	28
4. Réttindafræðsla fyrir börn	29
Tenging við stöðumat	29
Ábyrgðaraðili.....	29

Tímarammi	29
Grunnþættir Barnvæns sveitarfélags	29
5. Réttindafræðsla fyrir foreldra/forráðamenn.....	30
Tenging við stöðumat	30
Ábyrgðaraðili.....	30
Tímarammi	30
Grunnþættir Barnvæns sveitarfélags	30
6. Stofnanir sveitarfélagsins tilnefni réttindafulltrúa.....	31
Tenging við stöðumat	31
Ábyrgðaraðili.....	31
Tímarammi	31
Grunnþættir Barnvæns sveitarfélags	31
7. Fræðsla um mikilvægi tilkynninga til Barnaverndar	32
Tenging við stöðumat	32
Ábyrgðaraðili.....	32
Tímarammi	32
Grunnþættir Barnvæns sveitarfélags	32
8. Endurskoðun á reglum, áætlunum og stefnum sveitarfélagsins með tilliti til barna	
33	
Tenging við stöðumat	33
Ábyrgðaraðili.....	33
Tímarammi	33
9. Móta mannréttindastefnu fyrir sveitarfélagið	34
Tenging við stöðumat	34
Ábyrgðaraðili.....	34
Tímarammi	34
Grunnþættir Barnvæns sveitarfélags	34
10. Innleiða barnvænt hagsmunamat inn í verklag stjórnsýslunnar	35
Tenging við stöðumat	35

Ábyrgðaraðili.....	35
Tímarammi	35
Grunnþættir Barnvæns sveitarfélags	35
11. Fræðsla fyrir börn um skóla- og nemendaráð og ungmennaráð og skýrar verklagsreglur.....	36
Tenging við stöðumat	36
Ábyrgðaraðili.....	36
Tímarammi	36
Grunnþættir Barnvæns sveitarfélags	36
12. Styðja börn af erlendum uppruna sem og öll önnur börn til aukinnar þátttöku í samfélaginu og íþrótt- og tómstundastarfi	37
Tenging við stöðumat	37
Ábyrgðaraðili.....	37
Tímarammi	37
Grunnþættir Barnvæns sveitarfélags	37
13. Börn fá tækifæri til að setja mark sitt á umhverfis- og skipulagsmál í sveitarfélaginu	38
Tenging við stöðumat	38
Ábyrgðaraðili.....	38
Tímarammi	38
Grunnþættir Barnvæns sveitarfélags	38
14. Auka vellíðan, sjálfstraust, félagslega færni og getu barna/ungmenna til að setja mörk 39	
Tenging við stöðumat	39
Ábyrgðaraðili.....	39
Tímarammi	39
Grunnþættir Barnvæns sveitarfélags	39
15. Auka sjálfstæði og vellíðan barna í leikskóla með því að auka val þeirra á viðfangsefnum	40
Tenging við stöðumat	40

Ábyrgðaraðili.....	40
Tímarammi	40
Grunnþættir Barnvæns sveitarfélags	40
Samantekt	41

Barnvæn sveitarfélög

Barnvæn sveitarfélög er verkefni sem styður sveitarfélög við að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í alla sína stjórnsýslu og starfsemi. Verkefnið byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF sem kallast Child Friendly Cities Initiative og hefur verið innleitt í hundruðum borga frá því árið 1996. Verkefnið hefur verið innleitt hér á landi undir nafninu Barnvæn sveitarfélög frá því árið 2016.

Barnvænt sveitarfélag skuldbindur sig til þess að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og vinna markvisst eftir hugmyndafræði verkefnisins sem byggir á þekkingu á réttindum barna, því sem er barninu fyrir bestu, jafnræði – að horft sé til réttinda allra barna og þátttöku barna en saman skapa þessir þættir barnvæna nálgun á málefni sveitarfélagsins.

Innleiðingarferli Barnvænna sveitarfélaga



Verkefnið Barnvæn sveitarfélög er innleitt í átta skrefum sem hvert um sig styður við réttindi barna innan sveitarfélagsins.

1. Staðfesting

Fyrsta skrefið er staðfesting en þá er tekin þverpólitísk ákvörðun um innleiðingu verkefnisins í sveitarstjórn. Það er gert til þess að skapa samstöðu innan sveitarfélagsins og skipa verkefninu tryggan sess til lengri tíma.

2. Stöðumat

Stöðumatið er umfangsmesta skref ferlisins en tilgangurinn með því er að meta stöðu réttinda barna innan sveitarfélagsins. Stöðumatið felur í sér mikla gagnaöflun. Þá er tölfræðigögnum safnað, leiðbeinandi spurningalistum svarað, spurningakannanir eru lagðar fyrir börn og fullorðna, barnaþing er haldið og viðtöl eru tekin við sérfræðihópa barna.

3. Fræðsla

Stöðumatið gefur til kynna hversu mikillar fræðslu er þörf innan sveitarfélagsins og út frá því er ákveðið hvernig er best að hátta henni. Tryggja þarf að börn og fullorðnir þekki réttindi barna og geti sett þau í samhengi við daglegt líf og störf innan sveitarfélagsins. Viðhalda þarf fræðslunni og því þarf hún að vera regluleg.

4. Aðgerðaáætlun

Fjórða skrefið er að útbúa aðgerðaáætlun en hún skal byggja á gögnunum úr stöðumatinu. Mikilvægt er að aðgerðaáætlunin miði að bæði langtíma og skammtíma markmiðum þar sem það er mikilvægt að börn finni strax fyrir áhrifum af verkefninu.

5. Framkvæmd

Eftir að aðgerðaáætlun hefur verið samþykkt af bæði UNICEF og sveitastjórn er kominn tími til að framkvæma aðgerðirnar sem í henni eru. Gott getur verið að miða við að framkvæmdin taki u.þ.b. eitt ár. Skipaður er ábyrgðaraðili fyrir hverri aðgerð í áætluninni sem ber ábyrgð á að koma aðgerðinni í framkvæmd innan fyrirfram skilgreinds tímaramma.

6. Skýrsla

Bæði umsjónarmaður verkefnisins ásamt stýrihópi og ungmennaráð skila skýrslu til UNICEF um framgang verkefnisins. Í skýrslu umsjónarmanns og stýrihóps er lögð áhersla á að útskýra hvernig gekk að framkvæma aðgerðirnar í aðgerðaáætlun en skýrsla ungmennaráðs fjallar aðallega um þau verkefni sem ráðið hefur unnið í tengslum við innleiðinguna ásamt því að taka fram hvaða breytingum börn í sveitarfélaginu hafa fundið fyrir á innleiðingartímanum.

7. Mat og viðurkenning

Að fyrstu sex skrefunum loknum er komið að úttekt á verkefninu. UNICEF framkvæmir úttektina og ef UNICEF metur sem svo að verkefnið hafi verið réttinum barna til framdráttar innan sveitarfélagsins og ef aðgerðir

aðgerðaáætlunar hafa verið framkvæmdar fær sveitarfélagið viðurkenningu sem Barnvænt sveitarfélag.

8. Ný markmið og endurmat

Viðurkenning Barnvæns sveitarfélags gildir í þrjú ár frá því að hún er veitt. Því þarf sveitarfélagið að setja sér ný markmið og hefja nýtt stöðumat fljótlega eftir að viðurkenning er í höfn, ætli það sér að hljóta endurmat að þremur árum liðnum. Þá þarf sveitarfélagið að fara í gegnum innleiðingarferlið að nýju og ef vel gengur hlýtur það nýja viðurkenningu.

Greinargerð vegna stöðumats

Leiðbeinandi spurningalistar

Það gekk vel að fara í gegnum leiðbeinandi spurningalistana. Stýrihópurinn hittist á þremur fundum og fór sameiginlega yfir spurningalistana. Vel gekk að svara spurningunum og var leitað til viðeigandi aðila ef það vantaði svör.

Ungmennaráðið var allt með í þessari vinnu og lagði mikið til málanna. Allir fimm meðlimir Ungmennaráðs sátu alla fundina.

Umsjónarmaður verkefnisins tók svo saman niðurstöður og kynnti fyrir stýrihópnum.

Helstu niðurstöður voru þessar:

Gátlisti 1 Grunnþáttur 1 – Þekking á réttindum barna – sjá einnig fylgiskjal 1

- ✓ Hafa þarf Barnasáttmálann til hliðsjónar við endurnýjun stefnumótandi skjala og nýta gátlistann „Barnvænt hagsmunamat“ við ákvarðanatökur og í verklagi starfsfólks.
- ✓ Réttindafræðsla þarf að vera regluleg og markviss. Hún þarf að ná bæði til barna og fullorðinna.
- ✓ Fastsetja þarf reglulega fræðslu í ákveðnum árgöngum í leik- og grunnskóla, ár hvert.
- ✓ Kanna þarf markvisst hvernig upplifun barna og unglinga er af því hvernig réttindi þeirra eru uppfyllt innan sveitarfélagsins.
- ✓ Réttindafræðsla þarf að taka meira mið af daglegu umhverfi og reynsluheimi barna en nú er auk þess að nýta hana sem forvörn í ólíkum aðstæðum barna/ungmenna.

Gátlisti 2 Grunnþáttur 2 – Það sem er barni fyrir bestu

- ✓ Hagsmunir barna eru ekki metnir með formlegum hætti þegar teknar eru ákvarðanir á vettvangi sveitarfélagsins er varða börn með einum eða öðrum hætti.
- ✓ Málum er vísað til umsagnar Ungmennaráðs en þetta hagsmunamat mætti vera skipulegra og þá horft til markmiða Barnasáttmálans.
- ✓ Ytra mat skóla og ýmsar kannanir eru nýttar í umbótaáætlanir og þá horft til hagsmuna barna.
- ✓ Vinna heilsueflandi samfélags og ýmsar rannsóknir og stefnur í skólasamfélaginu hafa áhrif á hvernig unnið er í kringum börn. Reynt er eftir bestu getu að taka tillit til sjónarmiða og reynslu barna, og þeirra sem vinna með börnum við ákvarðanatökur.
- ✓ Ekki er sérstakur starfsmaður innan sveitarfélagsins sem hefur það hlutverk að hafa eftirlit með innleiðingu Barnasáttmálans og hagsmunum og réttindum barna. Hins vegar er umsjónarmaður verkefnisins Barnvænt

- sveitarfélag einnig starfsmaður sveitarfélagsins og sinnir innleiðingu að hluta. Umsjónarmaðurinn hefur góða þekkingu á réttindum barna og hefur umboð til að sinna sínu hlutverki.
- ✓ Útgjöld og fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, í dag, er ekki metin út frá barnvænum forsendum (child friendly budgeting) í samræmi við kynjaða fjárhagsáætlanagerð.
 - ✓ Útgjöld til ólíkra málaflokka barna er borin saman milli ára og áhrif niðurskurðar í málaflokkum tengdum börnum skoðuð áður en endanleg ákvörðun er tekin.
 - ✓ Haft er samráð við Ungmennaráð við gerð fjárhagsáætlunar og einnig ef um niðurskurð er að ræða er varðar málefni barna.

Gátlisti 3 Grunnþáttur 3 – Jafnræði - að horft sé til réttinda allra barna

- ✓ Jafnréttisáætlun er til hjá sveitarfélaginu en ekki er til mannréttindastefna.
- ✓ Önnur stefnumótandi skjöl, t.d. velferðar- og skólastefna taka mið af fjölbreytileika og jöfnum rétti allra barna. Ekki hefur farið fram formlegt mat á aðgerðum sem hafa það að markmiði að koma í veg fyrir mismunun.
- ✓ Almennt tekur starfsemi, áætlanagerð, regluverk og verkferlar innan sveitarfélagsins mið að því að tryggja jafnræði meðal barna og fyrirbyggja mismunun, t.d. á grundvelli aldurs, uppruna, tungumáls, kyns, trúar, efnahags, heilsufars eða fötlunar.
- ✓ Starfsfólk hjá sveitarfélaginu er ekki nægilega meðvitað um hvernig mismunun birtist í samfélaginu, hvaða áhrif hún getur haft á börn og hvernig rétt sé að bregðast við mismunun þar sem hún birtist. Bæta þarf úr því með aukinni fræðslu. Einnig fær starfsfólk sem vinnur með börnum ekki sérstaka þjálfun í að greina mismunun og þörf á að skoða að koma því inn í verkferla.
- ✓ Erfitt er að meta hvort fólk sé meðvitað um jafnræði í daglegum samskiptum (t.d. í talsmáta, athæfi, orðanotkun og látbragði) á milli: fullorðinna, fullorðinna og barna, milli barna. Börn í leik- og grunnskóla fá einhverja þjálfun í að koma auga á mismunun í daglegu lífi.
- ✓ Börn geta komið á framfæri ábendingum um mismunun t.d. í gegnum Ungmennaráð eða starfsfólk sveitarfélagsins. Slíkum ábendingum er ekki safnað með markvissum hætti. Það er ekki sérstakur umboðsmaður barna innan sveitarfélagsins.
- ✓ Gögnum um líðan og stöðu barna er safnað með markvissum og reglubundnum hætti í grunnskólanum og nær til ólíkra hópa barna. Ekki er safnað gögnum um viðhorf, velferð og reynslu barna. Þessi gögn eru greind og nýtt í vinnu umbótaáætlana. Þessi gögn hafa ekki verið greind til að skoða hvaða hópar barna eru í mestri hættu á að verða fyrir mismunun.
- ✓ Í grunnskólanum eru þess gætt að öll börn hafi tækifæri til að skila inn svörum og hugað sérstaklega að s.s. þörfum barna með sérþarfir og börn

með annað móðurmál. Börn koma ekki að því að undirbúa spurningalista, gagnasöfnun og úrvinnslu og skoða þarf útfærslur hvernig niðurstöður væru kynntar börnum.

Gátlisti 4 Grunnþáttur 4 – Þátttaka barna

- ✓ Aðgerðaáætlanir og stefnumótandi skjöl ganga almennt ekki út frá því að öll svið og nefndir hlusti eftir og vinni markvisst með raddir barna og ungmenna en það er gert innan ákveðinna stofnana. Það búa ekki öll svið yfir færni til að hlusta eftir og taka réttmætt tillit til sjónarmiða barna og ungmenna við ákvarðanatöku en það er í vinnslu.
- ✓ Starfsfólk fær ekki skipulega fræðslu um lagalegan grundvöll fyrir þátttöku barna og ungmenna. Hluti starfsfólks sveitarfélagsins býr yfir færni og þekkingu sem undirbýr þau fyrir að stýra samráðsfundum með börnum.
- ✓ Í sveitarfélaginu er starfandi Ungmennaráð og settar hafa verið reglur um starf þess en þær eru almennar og mætti skoða ítarlegri útfærslur. Sveitarstjórn hefur reglulegt samráð við Ungmennaráð. Nefndir hafa ekki leitað með reglubundnum hætti til Ungmennaráðs en með aukinni fræðslu nefndarfólks mætti virkja Ungmennaráðið betur.
- ✓ Ungmennaráðið hefur fjármuni til ráðstöfunar. Reynt er að kynna fyrir Ungmennaráði stjórnkerfi sveitarfélagsins og hvernig ákvarðanir eru teknar innan þess.
- ✓ Í samþykktum Ungmennaráðs eru til staðar verkferlar sem tryggja að Ungmennaráð geti komið málefnum á framfæri við sveitarstjórn með formlegum hætti.
- ✓ Tækifæri til þátttöku barna á ólíkum aldri og barna í jaðarhópum eru að mestu tryggð. Stuðlað er að þátttöku þeirra barna og ungmenna sem ekki eru hluti af skipulögðum hópum, eins og Ungmennaráði og stjórn nemendafélags, í gegnum íþrótt- og tómstundastarf, leik- og grunnskóla og íbúasamfélagið.
- ✓ Hlustað er, eins og kostur er, eftir skoðunum ólíkra hópa barna og ungmenna áður en ákvarðanir eru teknar sem tengjast þeim sérstaklega t.d. skipulag skólastarfs, stefnumótun innan sveitarfélagsins, skipulagningu útivistar- og tómstundasvæða. Börn og ungmenni geta haft frumkvæði að því að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri. Almennt er börnum og ungmennum ekki gefin tækifæri til þátttöku nógu snemma í stjórnsýslukerfinu til að tryggt sé að þátttaka þeirra hafi raunveruleg áhrif en Ungmennaráð hefur haft það tækifæri.
- ✓ Hindranir sem koma í veg fyrir þátttöku barna og ungmenna innan sveitarfélagsins er helst skortur á upplýsingaflæði.
- ✓ Börn eru meðlimir í skólaráði grunnskóla sveitarfélagsins. Það er ekki formleg fræðsla til barna og starfsfólks um skólaráð og hlutverk þess. Nemendaráð er starfandi í grunnskólanum og það hefur starfsreglur varðandi m.a. um val á fulltrúum í skólaráð.

- ✓ Börn fá ekki næg tækifæri til þátttöku við þróun og mat á þjónustu sem ætluð er þeim, t.d. velferðar- og félagsþjónustu, samgöngu- og skipulagsmálum og skóla- og frístundastarfi. Að hluta til eru börn með í umræðum og skipulagningu þegar vinna þarf að málum sem snúa að þeim, t.d. innan skóla- og frístundastarfs.
- ✓ Leitað er eftir skoðunum og reynslu barna og ungmenna af almenningssvæðum og notkun þeirra og reynt er að gefa börnum tækifæri til að áhrif á samgöngur, gönguleiðir, skipulagningu og mótun almenningssvæða.
- ✓ Einnig er reynt að hafa börn með í ráðum við hönnun, val á húsgögnum og leiktækjum í leikskóla, grunnskóla, frístund og þess háttar.
- ✓ Börn hafa ekki getað haft áhrif á staðsetningu bygginga og svæða né opnunartíma og aðgengi að byggingum og svæðum.

Gátlisti 5 Grunnþáttur 5 – Barnvæn nálgun

- ✓ Sveitarstjórn og starfsfólk hefur almennt jákvætt viðhorf til barna og metur skoðanir og gildismat barna jafn mikilvæg og hinna fullorðnu. Verkefni, starfshættir og samskipti innan sveitarfélagsins miða að því og stuðla að jákvæðu viðhorfi og virðingu fyrir börnum.
- ✓ Börn fá tækifæri til þátttöku við þróun og mat á þjónustu sem er ætlað þeim í skóla- og frístundastarfi en minna þegar kemur að barnavernd og annarri velferðarþjónustu, samgöngu- og skipulagsmálum. Reglulegt og uppbyggilegt samstarf er við Ungmennaráð en ekki er leitað markvisst eftir skoðunum barna á öllum aldri við mat á þjónustu.
- ✓ Upplýsingagjöf mætti vera meiri og betri til barna almennt um það hvert þau geta leitað aðstoðar hjá stofnunum og sviðum sveitarfélagsins. Til dæmis í tilvikum þar sem réttindi barna eru ekki virt eða þau eru ósátt við þá þjónustu eða aðstoð sem þeim er veitt. Þó er það þannig að börn geta með auðveldum hætti nálgast starfsfólk viðeigandi stofnana. Að hluta til geta börn á öllum aldri fengið upplýsingar og ráðgjöf við hæfi, án aðkomu foreldra t.d. frá skólasálfræðingi, skólahjúkrunarfræðingi eða félagsráðgjafa. Börn geta komið ábendingum og kvörtunum um brot á réttindum sínum á framfæri með einföldum hætti, án samþykkis foreldra. Nokkuð vantar upp á að starfsfólk sveitarfélagsins, sem vinnur með börnum, fái sérstaka þjálfun í því að greina og bregðast við ýmsum vandamálum t.d. vanrækslu, ofbeldi eða annarri illri meðferð. Til eru skýrir verkferlar um tilkynningar til barnaverndar innan stofnana sem vinna með eða fyrir börn, en þörf á að kynna þá verkferla betur.
- ✓ Reynt er að taka tillit til þarfa og hagsmuna barna við skipulagningu og mótun svæða í sveitarfélaginu, s.s. íbúahverfa, almenningssvæða, opinberra svæða, göngu- og hjólastíga og vega. Einnig er horft til þarfa og sjónarmiða barna þegar verið er að skipuleggja húsnæði og lóðir sem ætlaðar eru börnum s.s. skóla- og frístundahúsnæði. Reynt er að taka tillit til barna á öllum aldri og barna með sérþarfir.

- ✓ Sveitarfélagið styður við íþrótt- og tómstundaiðkun barna og ungmenna með styrkjum til félagasamtaka, hvatastyrkjum og það leggur til aðstöðu til íþrótt- og tómstundaiðkunar. Einnig eru veittir verkefnastyrkir til félags- og menningarlegra starfsemi barna og ungmenna. Upplýsingum um þessa möguleika er miðlað til forráðamanna en mætti bæta upplýsingaflæði til barna. Sveitarfélagið veitir stuðning sem tekur tillit til iðkunar barna með takmarkað fjármagn í gegnum hvatastyrki en mætti gera betur varðandi börn með fatlanir og sérstök áhugamál. Upplýsingum um viðhorf barna til frístunda er ekki safnað markvisst.

Það kom í ljós við yfirferð gátlistanna að Ungmennaráð er vel virkt og tengt inn í stjórnsýsluna og samfélagið.

Heilt yfir kom í ljós að þörf er á betra upplýsingaflæði og fræðslu. Það eru þættir sem frekar auðvelt er að bæta úr.

Spurningakannanir


Á vormánuðum 2022 voru lagðar fyrir tvær spurningakannanir, önnur meðal grunnskólabarna á aldrinum 10-15 ára og hin meðal starfsfólks, kjörinna fulltrúa og nefndafólks Hrunamannahrepps.

Það gekk mjög vel að leggja spurningakannanir fyrir. Könnunin var lögð fyrir alla nemendur í 5.- 10. bekk grunnskólans á skólatíma og var þátttaka 80%. Umsjónarmaður Barnvæns sveitarfélags er einnig starfsmaður skólans og því hæg heimatökin að leggja spurningakönnunina fyrir. Áður en könnunin fór fram var sent kynningarbréf til foreldra/forráðamanna þar sem verkefnið var kynnt. Einnig gekk vel að leggja spurningakönnunina fyrir starfsmenn sveitarfélagsins, kjörna fulltrúa og nefndafólk. Svarhlutfall var 87%.

Könnun meðal barna

Könnunin var lögð fyrir í apríl 2022. Umsjónarmaður verkefnisins fékk leyfi kennara til að leggja könnunina fyrir í kennslustund. Tilgangurinn var að kanna þekkingu barnanna á Barnasáttmálanum, réttindum og möguleikum þeirra til að hafa áhrif og taka þátt varðandi málefni sveitarfélagsins sem snúa að þeim.


Aldursdreifingu svarenda má sjá á mynd 1 hér að neðan.



Kynjahlutfall var 48,5% stúlkur, 48,5% drengir og 3% annað. Börnin voru spurð hvaða tungumál væri talað á heimili þeirra svöruðu 74% að eingöngu væri töluð íslenska, 20% íslenska ásamt öðru tungumáli og 6% að eingöngu væri talað annað tungumál en íslenska.


Þegar börnin voru spurð um hvort þau hefðu heyrt um Barnasáttmálann svöruðu 86% barnanna að þau hefðu heyrt um hann og 53 % þeirra töldu sig geta nefnt fjögur réttindi úr sáttmálanum. 86% barna töldu að öll börn, óháð aldri, ættu rétt á því að tjá sig og hafa áhrif, 9% sögðu nei og 5% vissu ekki hvort börn hefðu þennan rétt. Börnin voru einnig spurð að því hvort réttindi Barnasáttmálans gildi um þau sjálf og 76% þeirra sögðu svo vera, sjá mynd 2.

Þá vissu 63% barnanna að þau myndu ekki missa réttindi sín ef þau gerðu eitthvað af sér, 17% töldu að þau myndu missa réttindi og 20% vissu ekki hvort



svo færi. Börnin voru spurð hvort starfsfólk Hrunamannahrepps hafi spurt þau um skoðun þeirra á málefnum sem varða börn og ungmenni og sögðu 56% svo vera. Þegar þau voru svo spurð hvort þau vildu að starfsfólk myndi spyrja þau oftari um skoðun þeirra svöruðu 52% því að þau vissu það ekki, 28% vildu láta spyrja sig oftari og 20% sögðust ekki vilja láta spyrja sig

oftari. Börnin voru spurð hvernig þau teldu best fyrir starfsmenn Hrunamannahrepps að leita eftir skoðunum þeirra. Flest atkvæði fékk tölvupóstur eða 32%, og þar á eftir könnun með um 24% og nota skóla og félagsmiðstöð um 21%. Dreifinguna má sjá á mynd 3 hér að neðan.



Spurt var hvort börnin fengju tækifæri til að hafa áhrif á skipulag íþrótta- og tómstundastarfs í Hrunamannahreppi og svöruðu 60% því að þau hefðu tækifæri til þess. 40% töldu sig ekki hafa tækifæri til að hafa áhrif. Spurt var hvort ungmennaráð Hrunamannahrepps hefði verið kynnt fyrir þeim og svöruðu tæplega 50% að það hefði verið gert. Í framhaldinu voru börnin spurð hvort þau töldu sig geta tekið þátt í starfi ungmennaráðs Hrunamannahrepps. 43% töldu svo vera, 23% töldu sig ekki hafa kost á því og 34% vissu ekki af möguleikanum á að taka þátt.


Einnig voru börnin spurð hvernig þeim finnst að búa í Hrunamannahreppi, 89% barnanna finnst það mjög gott, gott, eða frekar gott, 6% finnst það allt í lagi, 5% slæmt eða frekar slæmt en enginn taldi það mjög slæmt.

Þá var spurt hvort starfsmenn skólans hafi spurt börnin eða bekkjarfélaga þeirra að því hvernig hægt væri að gera skólann betri en 68% töldu svo vera. Einnig var spurt hvort börnin fengju tækifæri til að hafa áhrif á það sem gert er í skólanum t.d. í kennslustundum eða viðburðum á vegum skólans og töldu 62% að svo væri. Börnin voru spurð hvort þau töldu að fullorðna fólkið í skólanum viti hvernig á að bregðast við ef barni líður illa t.d. heima hjá sér. 49% töldu að fullorðnir vissu það, 11% töldu svo ekki vera og 40% vissi það ekki.

Þá var spurt hvort öll börn fengju jöfn tækifæri til að segja skoðun sína í kennslustundum og töldu 72% barna svo vera.

Þegar spurt var um hvort nemendaráð og skólaráð hafi verið kynnt fyrir börnunum var rúmlega helmingur sem hafði fengið kynningu á nemendaráði en tæp 10% höfðu fengið kynningu á skólaráði og tæp 30% höfðu fengið kynningu á báðum ráðunum.

Að síðustu var spurt um hvort börnum finnst þau geta leitað til einhvers fullorðins innan skólans ef þeim líður ekki vel og gátu börnin merkt við fleiri en einn svarmöguleika. Flest börnin telja sig geta leitað til umsjónarkennara eða 30% en þar á eftir koma námsráðgjafi með 18% og annar kennari eða starfsmaður 12%. Niðurstöðurnar má sjá á mynd 4 hér fyrir neðan.




Helstu niðurstöður eru að megin þorri barnanna hefur heyrt um Barnasáttmálann og rúmlega helmingur þeirra treysti sér til að nefna fjögur réttindi úr sáttmálanum. Einnig taldi megin þorri barnanna að öll börn, óháð aldri, ættu rétt á því að tjá sig og hafa áhrif.


Könnun meðal starfsfólks

Í nóvember 2021 var einnig gerð könnun meðal starfsfólks sveitarfélagsins, kjörinna fulltrúa og nefndarfólks á þekkingu og viðhorfi þeirra til Barnasáttmálans og málefna tengdum börnum. Könnunin var send með tölvupósti og ítrekun var síðan send í tölvupósti tveimur vikum síðar. Svarhlutfall var 87%.

67% svarenda vinna með börnum. 96% svarenda hafa heyrt um um Barnasáttmálann og 49% segjast geta nefnt fjögur réttindi úr sáttmálanum. 97% telja að Barnasáttmállinn gildi um öll börn en 3% vissu ekki hvort svo væri. 98% segja börn alltaf hafa rétt á að tjá sig, óháð aldri og þroska en 2% vissu ekki hvort börn hefðu þann rétt. 97% svarenda vita að börn halda réttindum sínum óháð því hvernig þau haga sér en 3% vissu ekki hvort svo væri. Þegar starfsfólk var innt eftir því hvort það teldi ástæðu til að tryggja réttindi barna á Íslandi enn frekar samkvæmt Barnasáttmálanum svöruðu 78% því játandi, 20% vissu ekki hvort þörf væri á því og 2% taldi þörfina ekki vera fyrir hendi. Um það bil helmingur starfsmanna hefur fengið fræðslu um réttindi barna, skiptinguna má sjá á mynd 6.



72% svarenda töldu sig geta tengt Barnasáttmálann við starf sitt og 71% sagðist spyrja börnin álitis um mál sem þau varða, 11% sögðust ekki gera það og 18% töldu það ekki eiga við í þeirra starfi. Starfsfólk var spurt hvort tilkynningarskylda barnaverndarlaga hefði verið kynnt fyrir því frá því að það hóf störf og svöruðu 50% því neitandi. Næst var spurt hvort það væru skýrar verklagsreglur á vinnustaðnum um tilkynningar til barnaverndar og sögðu 60% svarenda svo vera, 19% sögðu nei og 21% vissu ekki hvort svo væri. Þegar spurt var um hvort viðkomandi hefði fengið markvissa fræðslu um ofbeldi og vanrækslu á börnum og hvernig bregðast ætti við sögðust 62% ekki hafa fengið slíka fræðslu en 38% höfðu fengið hana. Næst var spurt um það hvort viðkomandi vissi hvernig bregðast ætti við ef grunur vaknaði að barn sé beitt ofbeldi eða búi við vanrækslu og sögðu 76% þeirra sem svöruðu spurningunni að svo væri, 24% vissu ekki hvernig bregðast ætti við. Einnig var spurt hversu sammála eða ósammála viðkomandi væri þeirri ákvörðun sveitarfélagsins að innleiða Barnasáttmálann inn í allt starf og stefnumótun sveitarfélagsins og má sjá þær niðurstöður á mynd 7.



Ánægjulegt er að sjá að 92% svarenda eru annaðhvort mjög sammála eða sammála og engin því ósammála.



Niðurstöður könnunarinnar sýna að megin þorri starfsmanna þekkir til Barnasáttmálans en bæta má úr fræðslu til starfsmanna varðandi tilkynningaskyldu til barnaverndar. Almennt er viðhorf starfsfólks jákvætt gagnvart réttindum barna og endurspeglast það í ríkjum vilja starfsmanna til innleiðingar barnvæns sveitarfélags.

Barnaþing

Barnaþing var haldið í Flúðaskóla 15. desember 2022. Skipulaginu var þannig háttað að fyrir hádegi var haldið þing 6 – 13 ára og var þeim skipt upp í tvo aldurshópa, yngri og eldri, tvo hópa hvor aldurshópur, alls fjórir hópar með 8-10 þátttakendum hver. Umræðustjórar voru fulltrúar úr Ungmennaráði og ritarar voru starfsmenn skólans. Eftir hádegi var haldið þing fyrir 14-16 ára, alls fjórir hópar og sömu umræðustjórar og ritarar. Hver hópur fjallaði um fjögur málefni, þau voru; skólamál, félagslíf og menning, forvarnir og að síðustu umhverfismál og skipulag. Þátttakan var mjög góð, allir nemendur skólans sem mættir voru þennan dag tóku þátt. Hér á eftir verður greint frá helstu niðurstöðum.

Málstofa 1 - Skólamál

Börnin töldu að börn í sveitarfélaginu hefðu nokkuð jöfn tækifæri. Þau yngstu sögðu að eldri þyrftu að læra meira og sumir fengju meiri leiktíma en aðrir. Þegar þau voru spurð um hvort börn með fatlanir eða börn af erlendum uppruna hefðu sömu tækifæri, töldu sum svo ekki vera. Ástæðurnar voru helstær þær að þau kynnu ekki íslensku og að þau náí ekki að halda í við aðra nemendur í náminu. Hins vegar töldu þau að þessi börn fengju léttari verkefni og meiri aðstoð frá öðrum. Þau þyrftu lengri tíma til að læra af því að þau tala annað tungumál og skólinn er góður í því að hjálpa þeim. Almennt mættu flestir vera duglegri að hjálpa þeim innan skólans við að tala íslensku og æfa íslenskuna. Við ættum að nýta það betur í skólanum að þau kunni fleiri tungumál en bara eitt. Börnin töldu að skólinn væri góður í að styðja við fatlaða og að börn með frávík s.s. lesblindu fengi góða aðstoð.

Flest börnin telja að þeirra skoðanir skipti máli við þróun skólans og að þau taki þátt í að búa til skóla- og bekkjarreglur. Unglingarnir segjast hafa rödd, geta talað við kennarana og eru ekki hrædd við það og oftast hlustað á þau.

Misjöfn svör voru hjá nemendum þegar þeir voru spurðir hvort námið væri hæfilega þungt. Sumum fannst það og öðrum ekki, þó nefna tvítýngd börn að það sé erfitt. Sumir gerðu athugasemd við að hafa heimanám þegar þau væru allan daginn í skólanum.

Þegar börnin voru spurð hvort þau fái aðstoð ef þau þurfa á að halda töldu þau að það væri í flestum tilfellum, þó væri stundum bið eftir aðstoð og það gæti verið erfitt, einnig að sumir fái meiri aðstoð en aðrir.

Aðspurð að því hvernig félagslífið í skólanum væri töldu margir það gott, aðgengilegt öllum og næstum því allir hafa hóp sem þeir tilheyra en sumir vilja ekki vera í vinahópum. Unglingarnir eru sammála um að þeir myndu segja frá ef þeir myndu verða vitni að alvarlegu einelti en þau verða ekki mikið vör við einelti í skólanum.

Næst var spurt um matinn í skólanum. Þar voru mjög misjafnar skoðanir, maturinn væri oft ekkert sérstakur. Sum telja að það vantaði meiri fjölbreytni og ekki alltaf að hafa það sama.

Varðandi aðgengi að skólahjúkrunarfræðingi var það misjafnt, sum töldu það auðvelt en hún mætti vera oftar.

Þegar spurt var um hvort það væri fræðsla um mannréttindi í skólanum sögðu þau svo vera en mætti vera meira því það sé gaman að rökræða og tala meira saman. Sum sögðu að það hefðu verið sér tímar í mannréttindum og aðrir að fræðslan væri í samfélagsfræði.

Varðandi það hvort námið sé fjölbreytt þá sögðust þau læra um mismunandi hluti, þeim fannst þó sumum að það mætti hlusta betur á þau við mótun á stefnu um skólastarfið og hlusta á óskir þeirra en það væri samt stundum gert. Þau sögðu að sumt sé fjölbreytt en annað ekki en það væru fjölbreyttar aðferðir við að læra. Unglingarnir sögðu fjölbreytnina misjafna eftir námsgreinum en sögðu frábært að vera ekki bara í bókum og læra þannig, t.d. plaggöt og kynningar.

Spurð um það hvort þau fái aðstoð frá foreldrum eða öðrum við heimanám töldu þau flest svo vera. Stundum væri reyndar mikið að gera hjá fullorðnum, sumir nýta heimanámstímann og aðrir fá aðstoð frá samnemendum.

Að lokum voru þau spurð um álit sitt á tækjalausum frímínútum, hjá þeim eldri voru mjög skiptar skoðanir á þeirri reglu m.a. fannst þeim að það vanti afþreyingu þegar þau eru ekki með símana. Sumir sögðu að þetta væri góð regla en það ætti að gefa eitt tækifæri áður en síminn yrði tekinn og aðrir telja að leyfa ætti að hlusta á tónlist. Einn sagði „Ef manni langar ekki að tala við fólk, þá er fínt að geta bara verið í símanum“.

Þegar þau voru spurð hvaða skoðun þau hefðu á farsímalausum Flúðaskóla voru svörin langflest NEI og það væri vond hugmynd, en þó einhverjir sem myndi vilja hafa símalausan skóla.

Málstofa 2 - Félagslíf og menning

Börnin voru spurð hvort þeim fyndist nægilega mikið af íþróttum í boði. Sumum fannst það nóg t.d. væri karfa og fótbolti. Aðrir töldu ekki nægilegt framboð. Þau komu með ýmsar hugmyndir að íþróttum sem þau vildu hafa, sjá fylgiskjal 3.

Þau yngstu töldu æfingartímann hentugan eins og hann er, eftir skóla. Einhverjir vildu þó hafa æfingar á skólatíma því þá þyrfti þau ekki að læra eins mikið. Sum þau eldri töldu æfingartímann ekki alltaf hentugan eins og hann er.

Þegar spurt var hvort þau fengju tækifæri til skipuleggja viðburði og segja sína skoðun voru svörin allskonar, já og nei. Það mætti vera bekkjarhittingur miklu oft, það þarf ekki að vera flókið, t.d. heimsókn heim, saman á ærslabelginn og fl.

Unglingarnir töldu sig fá tækifæri til skipuleggja viðburði og segja sína skoðun. Þau telja að ef þau sýndu því áhuga og væru í nefndum og ráðum fengju þau tækifæri til að segja sína skoðun.

Varðandi hvort það væri fjölbreytilegt framboð af frístundastarfi töldu þau ágætt, það væri t.d. gott framboð af hljóðfæranámi. Unglingarnir nefndu að það vanti meira að gera og að hafa félagsmiðstöðina opna alla daga.

Hér eru hugmyndir þeirra um eitthvað sem væri ekki í boði núna; bíómyndakvöld, tölvubúð, gosbrunn, stytta, rennibraut í sundlaug, vatnsrennibraut í lystigarðinn, stærri sundlaug, sundlaugargarð með allskonar fallturna rennibrautum, borðtennis, matreiðslunámskeið, bíómyndagerð, hokkí, handbolta, teiknitíma, rafíþróttir, cross-fit, parkour, frjalsar, aðstoð við líkamsræktartíma, hljóðhönnun, kraftlyftingar, skíðasvæði, laser tag, paint ball, tónlist, bardagaíþróttir, meiri hestamennsku, körfuboltamót, jaðariþróttir og fleiri strætóferðir.

Unglingarnir voru sérstaklega spurðir hvort þeim þætti nægilega mikið um að vera í félagsmiðstöðinni. Flestir töldu svo ekki vera og komu með ýmsar athugasemdir og tillögur m.a.; lítið að gera, fáir viðburðir. Opnunartími mætti vera betri, þeir sem búa í dreifbýlinu hafa engan samastað til að vera á. Það þarf að vera strætó heim á þriðjudögum líka, enginn sem mætir á þriðjudögum vegna þess að það er ekki skólaakstur. Þarf að vera opið alla fimmtudaga og hafa fleiri starfsmenn. Sumum

finnst of mikil afskiptasemi starfsfólks og allt tekið of alvarlega og of mikið fylgst með því sem verið að gera.

Málstofa 3 - Forvarnir

Andleg heilsa ungs fólks í Hrunamannahreppi – Þjónusta og aðgengi.

Börnin voru spurð hvernig þau myndu hjálpa vini sem glímdi við andleg veikindi og sögðust þau myndu spyrja hvort allt væri í lagi og fara til kennarans eða einhvers fullorðins, vinur segir kennara ef eitthvað kemur fyrir mann. Ef einhverjum liði illa þá að vera góð við hann, leika við hann, segja kennaranum. Kaupa eitthvað handa honum. Knúsa, segja eitthvað fallett. Þau segja að ef þeim liði illa myndu þau sum segja kennaranum og sumir myndu vilja fara heim. Ef þau væru ekki í skólanum þegar þeim liði illa myndu þau tala við foreldra sína eða afa og ömmu, hringja í 112 og að hægt væri að fara til nágranna ef engin væri heima. Aðgengi að hjálp væri frekar auðvelt en kannski misjafnt eftir því hvað er að. Þau voru spurð hvort þau héldu að það væri dýrt að fá hjálp sögðu þau að sálfræðingar væru dýrir og sumum fannst ósanngjarnt að fólk sem þarf hjálp þurfi að borga. Unglingarnir sögðust myndu tala við hann, reyna að gera eitthvað með honum sem honum finnst gaman. Benda viðkomandi á hvar er hægt að fá hjálp s.s. sálfræðing, segja kennara eða stjórnendum frá, tala við foreldra hans, sýna stuðning og vera til staðar. Þau sögðu ekki kosta að fá aðstoð hjá þeim sem næst standa, eins og skólahjúkrunarfræðingnum, námsráðgjafanum og öllum hinum. Þau segjast geta fengið hjálp hjá hjálpar-símunum 1717 og 112, foreldrum, námsráðgjafa, traustum kennurum, stjórnendum eða presti.

Spurð um hvort þau upplifðu fordóma gagnvart fólki með andleg veikindi vissu þau mörg ekki hvað það þýddi en eftir útskýringar tóku þau dæmi af skólafélaga sem yrði stundum reiður og þá færu sumir að grínast í honum og hættu ekki, væru leiðinlegir. Spurð um hvort þau upplifðu fordóma gagnvart fólki með andleg veikindi vissu þau yngstu ekki alveg hvað það þýddi, þau eldri töldu mörg svo ekki vera.

Flest þekktu til hjálparsímana 112 og 1717 sem hægt væri að hringja í ef manni líður illa, þar væri fólk að hjálpa öðrum sem líður illa.

Málstofa 4 - Umhverfi og skipulag

Börnin telja umhverfið í Hrunamannahreppi almennt spennandi og fjölbreytt. Sum vilja ekki breyta neinu! Margar hugmyndir varðandi umhverfismálin komu í umræðum sem sjá má í fylgiskjali 3.

Þegar spurt var um hvort börn og ungmenni í Hrunamannahreppi fái tækifæri til að móta umhverfi sitt t.d. að hafa skoðun á hvar göngustígar, leikvællir eða gangbrautir eiga að vera og lýsingu á leik- og íþróttasvæðum sögðust þau ekki vera spurð. Þau gætu samt alveg haft skoðun ef þau væru spurð. Einn sagði að Ungmennaráðið fengi að hafa skoðun. Unglingarnir sögðust gjarnan vilja fá að hafa meira að segja um þessa þætti og almennt um það sem snýr að

ungmennum. Þau væru ekki nægilega vel upplýst um hlutina til að geta haft skoðun. En með þessu þingi er verið að gefa okkur tækifæri til þess.

Þegar spurt var hvort tekið sé tillit til þarfa og hagsmuna barna og ungmenna við skipulagningu og móttöku svæða í Hrunamannahreppi, s.s. íbúahverfa, almenningssvæða, opinberra svæða, göngu- og hjólastíga og vega, sögðu þau ekki mörg tækifæri til þess.

Það sem þeim finnst vel gert í Hrunamannahreppi er að það er að koma aparóla og hoppubelgurinn. Gaman að fá leiktæki. Það væru flottir ruslahaugar, körfuboltinn, skólinn, búðir og skóli nálægt svo ekki þarf að fara á bíl, alls staðar reiðvegir. Gott að vera frjáls og mega vera lengi úti, allir þekkja, lítið um bófa. Fjölbreyttir skóladagar í skólanum. Allt nema ruslið í náttúrunni. Unglingarnir töldu upp m.a.; geggjáð íþróttahús, skólabyggingarnar, íþróttavellirnir, gott samfélag, hoppa ofan í hylinn, Flúðir um versló, hoppubelgurinn, hringtorgið, flutningur styttnar, körfuboltaliðið og Gamla laugin.

Það sem mætti gera betur í hreppnum væri að setja nýjan leikvöll, jólahátíð - allir fá pakka, jólasveinar, heitt kakó, jólahlaðborð, kofar og líka hafa fótboltahátíð, fá almenningsslósett, setja upp dýragarð og skemmtigarð, gangbrautarljós, fimleikahús, flottari búðir, ódýrari búðir, flottari sundlaug, má betrubæta sláttutraktora brautina um verslunarmannahelgina, hafa fleiri staði þar sem hægt er að stoppa í göngu (t.d. með hundinn), hafa stærri reiðhöll. Fleiri reglur, gera tjaldsvæðið meira aðlaðandi fyrir börn og barnafólk, mætti setja hjólastíg um þorpið svo fleiri myndu hjóla en keyra, líkamsræktina- hafa meiri opnunartíma í líkamsræktinni. Tartan hring á grasvöllinn. Nýta lystigarðinn betur t.d. með mörkum í staðinn fyrir blakvöll. Púða á körfuboltastangirnar til að koma í veg fyrir slys. Aparólu, leikvöll fyrir alla við skólann, lítil trampólín, stóran kastala, rennibraut og stærri sundlaug, þurrkara fyrir sundfötin, fleiri sturtur í sundlauginu. Aðspurð hvernig þau myndu fara að því að koma hugmyndunum á framfæri sögðust þau segja sveitastjóranum, það væri létt að fara til hennar. Börnin voru að síðustu spurð hvort verið væri að flokka úrgang í sveitinni og skólanum og sögðu þau öll að það væri flokkað t.d. pappír og plast og að það skipti miklu máli, „til að hafa náttúruna betri“. Auglýsa enn meira hvernig á að flokka. Unglingar þurfa að ganga betur um. Við græðum á því að flokka, sveitarfélagið. Skiptir máli fyrir náttúruna. Mætti setja saman hóp til að ganga um og tína rusl í þorpinu reglulega.

Frjáls umræða

Margar góðar hugmyndir komu fram í frjálsum umræðum hjá öllum hópum, mikill meirihluti þeirra sneri að skólanum. Hugmyndirnar eru taldar upp í fylgiskjali 3.

Sérfræðihópar barna

Hrunamannahreppur er ekki stórt sveitarfélag og því erfitt að taka út litla hópa barna með einhverskonar sérstöðu með tilliti til persónuverndar. Þar sem ekki hafði verið rætt við yngstu íbúa sveitarfélagsins í ferlinu var ákveðið að bjóða tveimur elstu árgöngum leikskólans til málþings sem myndi þá vera okkar sérfræðihópar. Þau höfðu ekki komið að innleiðingarferlinu áður og því upplagt að heyra rödd þeirra og sýn þeirra á umhverfi og samfélag.

Áður en til málþingsins kom var sendur póstur til allra foreldra/forráðamanna og þau upplýst um þátttöku barnanna. Einnig var verkefnið kynnt fyrir þátttakendunum. Þann 26. júní 2023 mættu tveir elstu árgangar leikskólans Undralands á Flúðum í Flúðaskóla þar sem viðtölin fóru fram. Hópnum var skipt í tvo hópa, eldri og yngri. Starfsfólk leikskólans voru umræðustjórar og ritarar en umsjónarmaður verkefnisins, sem er undirrituð, aðstoðaði eftir þörfum. Viðtölin gengu mjög vel og að þeim loknum var öllum boðið í hádegismat í mötuneyti skólans og þótti þátttakendum það mjög spennandi. Umræðustjórar og ritarar skiluðu niðurstöðunum til umsjónarmanns verkefnisins og verða niðurstöðurnar nýttar í gerð aðgerðaráætlunar. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum en heildarsvörin má finna í fylgiskjali 4.

Fyrst voru börnin spurð hvernig þeim liði í leikskólanum. Allur gangur var á því, sumum leið vel, öðrum ágætlega og einhverjum ekki vel. Ýmsar ástæður voru nefndar í því sambandi. Það sem börnunum þótti skemmtilegast að gera í leikskólanum tengdist að mestu leiti leikjum, leika með vinum og þegar lesið væri fyrir þau. Það sem þótti leiðinlegt í leikskólanum tengdist helst því ef krakkar væru að meiða aðra eða rífast. Þegar þau voru spurð um hvort þau vildu breyta einhverju í leikskólanum stóð ekki á svörum. Það var allt frá því að vilja breyta öllu, yfir í allskonar útfærslur á leikskólastarfinu.

Næst voru börnin spurð hvernig þau myndu vilja hafa leikskólalóðina og hvaða leiktæki væru skemmtilegust. Kastalinn var oft nefndur sem skemmtilegt leiktæki en hann mætti vera stærri með stærri og lengri rennibraut. Kofinn var líka skemmtilegur, rólurnar og fótboltinn. Það sem börnunum þótti helst vanta var klifurgrind, aparóla, niðurgrafið trampólín, betri gröfur og skóflur. Næst voru börnin spurð hvað þeim fyndist um umhverfið í kringum leikskólann, t.d. Lækjargarðinn, skóginn og fl. Þau voru almennt ánægð með umhverfið í kring. Þeim fannst skemmtilegt að hafa aparóluna og hoppubelginn í Lækjargarðinum, gaman að leika í skóginum og ganga á Miðfell, fara í sveitaferð, fara í íþróttahúsið og einnig að skoða Litlu-Laxá. Það sem börnunum fannst helst vanta var dót eins og t.d. eldhúsdót í skóginn. Að lokum voru börnin spurð hverju þau myndu helst vilja fá að ráða í leikskólanum. Það komu ýmis svör, t.d. að fá að ráða hverjir leika saman, fara oftár á hoppubelginn, fá að ráða hvenær þau fari í Skrautás (myndlist) og vera meira þar. Þau vildu einnig hafa betri mat og ráða meira hvað væri í matinn.

Samantekt

Vinnan við stöðumatið var mjög upplýsandi og við þessa kortlagningu hefur verið dregið fram hvað vel er gert og hvað betur má fara. Þessi gögn eru því mikilvæg við gerð aðgerðaáætlunar, sem er næst á dagskrá, auk þess að hrinda af stað átaki í fræðslu til starfsmanna sveitarfélagsins.

Við yfirferð gátlistanna kom í ljós að Ungmennaráð er vel virkt og tengt inn í stjórnsýsluna og samfélagið. Heilt yfir kom í ljós að þörf er á betra upplýsingaflæði og fræðslu um Barnasáttmálann og réttindi barna. Það eru þættir sem frekar auðvelt er að bæta úr.

Helstu niðurstöður spurningalistanna eru að megin þorri barnanna hefur heyrt um Barnasáttmálann og rúmlega helmingur þeirra treysti sér til að nefna fjögur réttindi úr sáttmálanum. Einnig taldi megin þorri barnanna að öll börn, óháð aldri, ættu rétt á því að tjá sig og hafa áhrif. Spurningkönnun starfsfólks sýnir að megin þorri starfsmanna þekkir til Barnasáttmálans en bæta má úr fræðslu til starfsmanna varðandi tilkynningaskyldu til barnaverndar. Almennt er viðhorf starfsfólks jákvætt gagnvart réttindum barna og endurspeglast það í ríkjum vilja starfsmanna til innleiðingar barnvæns sveitarfélags.

Á barnþingi kom fram að börnin töldu að börn í sveitarfélaginu hefðu nokkuð jöfn tækifæri. Þau vilja gjarnan hafa rödd þegar ákvarðanir eru teknar og komu fram margar góðar ábendingar á þinginu. Umræður barnþings snerust að mestu um skólamál, félagslíf og menningu, forvarnir og umhverfi/skipulag.

Vegna smæðar sveitarfélagsins, og því erfitt að taka út sérfræðihópa úr fámennu þýði, var ákveðið að tveir elstu árgangar leikskólans gegndu hlutverki sérfræðihóps. Það heppnaðist vel og góðar umræður sköpuðust í hópunum.

Þessi vinna við upplýsingaöflun og stöðuna í Hrunamannahreppi hefur tekið nokkuð langan tíma og spilar ýmislegt þar inn í. Á covid tímabilinu lá vinnan að mestu niðri auk þess sem sveitastjórnarkosningar og mannbreytingar í framhaldinu hafa haft áhrif.

Það eru spennandi tímar framundan við gerð aðgerðaáætlunar og að hrinda henni framkvæmd í kjölfarið auk þess að stefnt er að fræðsluátaki og aukinni kynningu á verkefninu í sveitarfélaginu.

Við stefnum ótrauð að því markmiði að gera Hrunamannahrepp að enn barnvænna sveitarfélagi en það er nú þegar.

Flúðum, 20. febrúar 2024

Kolbrún Haraldsdóttir

Umsjónarmaður verkefnisins

Aðgerðaáætlun Hrunamannahrepps 2022-2025

Hér hafa verið teknar saman þær aðgerðir sem stýrihópur verkefnisins hefur forgangsraðað og mynda aðgerðaáætlun Hrunamannahrepps vegna innleiðingar Barnasáttmálans 2022-2025.

Aðgerðaáætlun þessi byggir á niðurstöðum stöðumats og verður sú tenging sérstaklega tilgreind undir hverri og einni aðgerð. Ábyrgðaraðili er tilgreindur fyrir hverja aðgerð en hann ber ábyrgð á að aðgerðinni verði komið í framkvæmd innan þess tímaramma sem aðgerðinni er ætlað. Tekið er fram hvaða greinum Barnasáttmálans aðgerð tengist sérstaklega. Þá er tekið fram hvaða grunnþættir Barnvæns sveitarfélags eiga við um hverja aðgerð.

Mikilvægt er að taka það fram að aðgerðaáætlun þessari er ekki ætlað að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eins og hann leggur sig enda er það verkefni sem lýkur aldrei.

1. Raddir barna- Barnaþing haldið annað hvert ár

Annað hvert ár skal halda barnaþing í Hrunamannahreppi. Meginmarkmið þess er að skapa börnum og ungmennum vettvang og tækifæri til að ræða um mál sem eru þeim mikilvæg. Þinginu er skipt í tvo hluta eftir aldri þátttakenda en hóparnir funda á svipuðum tíma. Þingið er haldið á skólatíma. Starfsmenn þingsins eru kennarar, fulltrúar ungmennaráðs og nemendaráðs grunnskólans. Umræðuefni er ákvarðað í samráði við ungmennaráð og tengist því sem helst er á döfinni hverju sinni. Niðurstöðurnar verða teknar saman strax að þingi loknu og kynntar sem fyrst í nefndum sveitarfélagsins og á opinberum vettvangi og þannig nýttar í stefnumörkun og starfsemi sveitarfélagsins.

Tenging við stöðumat

Stöðumatið sýnir okkur að barnaþing er mikilvæg leið fyrir börn að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Ábyrgðaraðili

Umsjónarmaður verkefnisins sem nýtur aðstoðar skólastjórnenda og starfsmanna grunnskólans auk starfsmanns Ungmennaráðs.

Fjárförf

Gera þarf ráð fyrir veitingum á Barnaþingi og tíma starfsfólks og ungmennaráðs til að undirbúa þingið og vinna úr niðurstöðum þess. Kostnaður rúmast innan fjárveitingar til verkefnisins í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Á þinginu starfa fjórir frá Ungmennaráði og fjórir starfsmenn grunnskólans, 4 - 6 klst.

Tímarammi

Barnaþingið er haldið annað hvert ár á haustmánuðum.

Mæling

Sýnt verður fram á að þingin hafi verið haldin og að niðurstöður séu notaðar í vinnu Ungmennaráðs og í áframhaldandi vinnu í Barnvænu sveitarfélagi. Niðurstöðurnar verða formlega kynntar sveitarstjórn á fundi, nemendum og starfsfólki og þess gætt að niðurstöðurnar verði sýnilegar.

Grunnpættir Barnavæns sveitarfélags

Þessi aðgerð tengist eftirfarandi grunnpáttum;

- Þekking á réttindum barna
- Það sem er barninu fyrir bestu
- Jafnræði - að horft sé til réttinda allra barna
- Þátttaka barna
- Barnvæn nálgun

Tenging við Barnasáttmálann



2. Efla þátttöku barna/ungmenna í stefnumótun og ákvörðunum sveitarfélagsins.

Móta verklag til að efla þátttöku barna í stefnumótun og ákvörðunum sveitarfélagsins. Leita eftir skoðunum þeirra og þau verði upplýst um ákvarðanir sem hafa áhrif á þeirra líf. Ungmennaráð fundi reglulega með sveitarstjórn og lýðheilsu- og æskulýðsnefnd og barnvænt hagsmunamat verði innleitt í áföngum í allar nefndir sveitarfélagsins. Haft verði samráð við Ungmennaráð við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert og einnig ef fara á í niðurskurð er varðar málefni barna. Barnaþingin eru mikilvæg svo börn geti haft áhrif á stefnumótun sveitarfélagsins.

Tenging við stöðumat

Í niðurstöðum úr gátlistum stýrihóps kemur fram að hagsmunir barna eru ekki metnir með formlegum hætti þegar teknar eru ákvarðanir á vettvangi sveitarfélagsins er varða börn með einum eða öðrum hætti. Málum er vísað til umsagnar Ungmennaráðs en þetta hagsmunamat mætti vera skipulegra og þá horft til markmiða Barnasáttmálans.

Ábyrgðaraðili

Starfsmaður sveitarfélagsins sem er Ungmennaráði til halds og trausts og umsjónarmaður verkefnisins. Einnig formenn nefnda sem hafa tileinkað sér barnvænt hagsmunamat sem verður innleitt í allar nefndir í áföngum.

Fjárförf

Greitt er fyrir setu í Ungmennaráði en það hefur verið gert frá upphafi.

Tímarammi

Fyrirkomulagið verður mótað og þróað á árinu 2025 en verkefnið er þess eðlis að það er mikilvægt að það sé í stöðugri þróun. Vorið 2025 verði Ungmennaráð búið að funda með sveitarstjórn og lýðheilsu- og æskulýðsnefnd m.a. með það að markmiði að allir hlutaðeigandi séu upplýstir um hlutverk og samráð við Ungmennaráð.

Mæling

Þátttaka Ungmennaráðs og fjöldi mála sem vísað er til þess. Einnig verði ársskýrsla Ungmennaráðs nýtt til að meta árangur. Verklag skjalfest og kynnt.

Grunnþættir Barnvæns sveitarfélags

Þessi aðgerð tengist eftirfarandi grunnþáttum;

- Þekking á réttindum barna
- Jafnræði - að horft sé til réttinda allra barna
- Þátttaka barna
- Barnvæn nálgun

Tenging við Barnasáttmálann



3. Markviss fræðsla fyrir starfsfólk sveitarfélagsins

Markmiðið er að allt starfsfólk sveitarfélagsins þekki Barnasáttmálann og réttindi barna og tilgang verkefnisins Barnvænt sveitarfélag. Réttindafulltrúar (sjá aðgerð nr.6) og umsjónarmaður verkefnisins skipuleggja og stýra þeirri fræðslu. Myndbönd um réttindafræðslu frá UNICEF verði m.a. notuð í fræðslu. Nýtt starfsfólk sveitarfélagsins fái fræðslu um verkefnið Barnvænt sveitarfélag og verkferla þess. Mannréttindastefna verði unnin (sjá aðgerð nr.9) og mun hún styðja við markvissa fræðslu starfsfólks.

Tenging við stöðumat

Í niðurstöðum úr spurningalistum sem lagðir voru fyrir starfsmenn kom fram að mikil meirihluti starfsmanna hafði heyrt um Barnasáttmálann eða 96% svarenda en aðeins 49% sögðust geta nefnt fjögur réttindi úr sáttmálanum. Þegar starfsfólk var innt eftir því hvort það teldi ástæðu til að tryggja réttindi barna á Íslandi enn frekar samkvæmt Barnasáttmálanum svöruðu 78% því játandi, 20% vissu ekki hvort þörf væri á því og 2% taldi þörfina ekki vera fyrir hendi. Um það bil helmingur starfsmanna hefur fengið fræðslu um réttindi barna. Í ljósi þessa er mikilvægt að dýpka þekkingu starfsmanna á Barnasáttmálanum og gæta þess að viðhalda reglulegri fræðslu.

Ábyrgðaraðili

Réttindafulltrúar ásamt umsjónarmanni verkefnisins.

Fjárförf

Gera má ráð fyrir að lítilsháttar kostnaður geti fylgt fræðslunni s.s. veitingar. Kostnaður rúmast innan fjárveitingar til verkefnisins í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Tímarammi

Framkvæmt á hverju ári í tengslum við dag Barnasáttmálans sem er 20. nóvember.

Mæling


Hlutfall starfsfólks sem hefur lokið við fræðslu um Barnvænt sveitarfélag á vegum UNICEF. Miða skal við að lágmarki 75% starfsmanna ár hvert.

Grunnþættir Barnvæns sveitarfélags

Þessi aðgerð tengist eftirfarandi grunnþáttum;

- Þekking á réttindum barna
- Jafnræði - að horft sé til réttinda allra barna
- Barnvæn nálgun

Tenging við Barnasáttmálann



4. Réttindafræðsla fyrir börn

Markmiðið er að öll börn í sveitarfélaginu þekki réttindi sín. Réttindafræðsla verði aðgengileg öllum börnum í sveitarfélaginu. Gerð verði stefna um samfellda réttindafræðslu. Aðgerðin verður unnin af starfsfólki leik- og grunnskóla í samráði við skólastjórnendur og umsjónarmann verkefnisins. Fjallað sé um Barnasáttmálann í skólanámskrá og hugmynd að fræðslu gæti verið þemavika um Barnasáttmálann í leik- og grunnskóla sem síðan væri kynnt foreldrum og samfélaginu öllu.

Tenging við stöðumat

Í spurningakönnun sem lögð var fyrir börn á aldrinum 6-16 ára kom fram að 86% barnanna hafði heyrt um Barnasáttmálann og 53 % þeirra töldu sig geta nefnt fjögur réttindi úr sáttmálanum. 86% barna töldu að öll börn, óháð aldri, ættu rétt á því að tjá sig og hafa áhrif. Þá voru börnin spurð að því hvort réttindi Barnasáttmálans gildi um þau sjálf og 76% þeirra sögðu svo vera. Þá vissu 63% barnanna að þau myndu ekki missa réttindi sín ef þau gerðu eitthvað af sér, 17% töldu að þau myndu missa réttindi og 20% vissu ekki hvort svo færi. Hér eru sóknarfæri að kynna börnum sveitarfélagsinn enn frekar réttindi sín.

Ábyrgðaraðili

Umsjónarmaður verkefnisins, réttindafulltrúar leik- og grunnskóla auk félagsmiðstöðvar, skólastjórnendur og Ungmennaráð.

Fjárförf

Vinnuframlag starfsfólks.

Tímarammi

Stefna um réttindafræðslu fyrir öll börn í sveitarfélaginu verði tilbúin eigi síðar en í maí 2025. Þar verður áætlun um kennslufni og áherslur fyrir hvert skólastig.

Mæling

Annaðhvert ár verður lögð spurningakönnun fyrir alla nemendur til að mæla þekkingu þeirra á réttindum sínum og Barnasáttmálanum. Stefna um réttindafræðslu tilbúin.

Grunnþættir Barnvæns sveitarfélags

Þessi aðgerð tengist eftirfarandi grunnþáttum;

- Þekking á réttindum barna
- Það sem er barninu fyrir bestu
- Jafnræði - að horft sé til réttinda allra barna
- Þátttaka barna
- Barnvæn nálgun

Tenging við Barnasáttmálann



5. Réttindafræðsla fyrir foreldra/forráðamenn

Markmiðið er að upplýsa og fræða foreldra/forráðamenn barna í sveitarfélaginu um réttindi barna. Foreldrar eru upplýstir um aðgengilegt efni um Barnasáttmálann og réttindi barna t.d. fræðslumyndbönd frá UNICEF og bæklingar sendir á heimilin. Boðið upp á fræðslu fyrir foreldra á vegum sveitarfélagsins t.d. í leik- og grunnskóla. Með slíkri fræðslu eru foreldrar betur í stakk búnir að ræða Barnasáttmálann og réttindi barna heima fyrir.

Tenging við stöðumat

Í niðurstöðum gátlista stýrihóps kemur fram að réttindafræðsla þarf að vera regluleg og markviss og hún þarf að ná bæði til barna og fullorðinna. Mjög mikilvægur hluti þess að sveitarfélag sé barnvænt er að foreldrar þekki réttindi barna.

Ábyrgðaraðili

Umsjónarmaður verkefnisins í samstarfi við réttindafulltrúa og stjórnendur leik- og grunnskóla.

Fjárförf

Vinnuframlag starfsfólks. Prent- og sendingarkostnaður rúmast innan fjárveitingar til verkefnisins í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Tímarammi

Árlegt. Fræðsluefni sent heim ásamt upplýsingum um hlekki á fræðsluefni. Könnun verður send foreldrum/forráðamönnum í kjölfar fræðslu.

Mæling

Miða skal við að a.m.k. foreldrar 50% barna taki þátt.

Grunnþættir Barnvæns sveitarfélags

Þessi aðgerð tengist eftirfarandi grunnþáttum;

- Þekking á réttindum barna
- Jafnræði - að horft sé til réttinda allra barna
- Þátttaka barna
- Barnvæn nálgun

Tenging við Barnasáttmálann



6. Stofnanir sveitarfélagsins tilnefni réttindafulltrúa

Stofnanir sveitarfélagsins tilnefna einn réttindafulltrúa sem ber ábyrgð á að barnvæn nálgun sé höfð að leiðarljósi í öllu starfi stofnunarinnar t.d. með því að halda Barnasáttmálanum á lofti innan vinnustaðarins og hafa hann sýnilegan. Einnig að minna á samráð við börn vegna ákvarðana sem hafa áhrif á þau og mikilvægi þess að huga að áhrifum ákvarðana á börn sbr. barnvænt hagsmunamat. Réttindafulltrúar funda a.m.k. árlega saman og með umsjónarmanni verkefnisins þar sem rætt er um stöðuna og næstu verkefni. Réttindafulltrúar eru tengiliðir umsjónarmanns inn í stofnanir sveitarfélagsins og taka þátt í fræðslu starfsfólks.

Tenging við stöðumat

Það kom fram í stöðumati að starfsfólk hafði ekki nægjanlegar upplýsingar um hvernig það gæti tryggt réttindi barna og því nauðsynlegt að hafa skýra verkferla sem allir eru upplýstir um.

Ábyrgðaraðili

Yfirmenn stofnana sveitarfélagsins og umsjónarmaður verkefnisins.

Fjárför

Vinnuframlag starfsfólks.

Tímarammi

Ábyrgðaraðilar skipa réttindafulltrúa eigi síðar en í lok 2024 og haldinn kynningarfundur fyrir þá í framhaldinu. Fræðsla um barnvænt hagsmunamat m.a. með leiðarvísinum [Zs7_zkaF0TcGJdmm_Barnvaenthagsmunamat2024.pdf](#)

Mæling

Árlegur fundur réttindafulltrúa með umsjónarmanni verkefnisins og yfirmönnum stofnana.

Grunnþættir Barnvæns sveitarfélags

Þessi aðgerð tengist eftirfarandi grunnþáttum;

- Þekking á réttindum barna
- Það sem er barninu fyrir bestu
- Jafnræði - að horft sé til réttinda allra barna
- Þátttaka barna
- Barnvæn nálgun

Tenging við Barnasáttmálann



7. Fræðsla um mikilvægi tilkynninga til Barnaverndar

Efla fræðslu um mikilvægi tilkynninga til barnaverndar og fræðslu um viðbrögð þegar grunur kemur upp um ofbeldi/vanrækslu gagnvart barni eða áhættuhegðun barns. Einnig verði unnið að því að fræða börn um hvert þau geti leitað sér hjálpar ef þau upplifa ofbeldi eða vanrækslu. Mikilvægt að halda reglulega kynningar/námskeið fyrir allt starfsfólk og börnum verði kynnt úrræði. Tilkynningahnappur á heimasíðu sveitarfélagsins tiltækur og kynntur.

Tenging við stöðumat

Í spurningakönnun kom fram að 50% starfsfólks sveitarfélagsins hafði ekki verið kynnt tilkynningarskylda samkv. barnaverndarlögum, 40% töldu ekki skýrar verklagsreglur til á sínum vinnustað um tilkynningar til barnaverndarnefnda og 62% höfðu ekki fengið markvissa fræðslu um ofbeldi eða vanrækslu á börnum og hvernig bregðast eigi við. Dæmi um gott verklag sem hægt er að hafa til hliðsjónar er á [Verklag-islensk-utgafa-uppfaert.pdf](#).

Ábyrgðaraðili

Starfsmenn Skóla- og velferðarþjónustu Árneshlíðar.

Fjárför

Vinnuframlag starfsfólks. Prent- og sendingarkostnaður rúmast innan fjárveitingar til verkefnisins í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Tímarammi

Árlegt. Fræðsluefni ásamt upplýsingum um hlekki á fræðsluefni.

Mæling


Spurningakönnun lögð fyrir starfsfólk a.m.k. annað hvert ár. Fræðsluáætlun fyrir börn og starfsfólk og tilkynningarhnappur/síða tilbúin vorið 2025.

Grunnþættir Barnvæns sveitarfélags

Þessi aðgerð tengist eftirfarandi grunnþáttum;

- Þekking á réttindum barna
- Það sem er barninu fyrir bestu
- Jafnræði - að horft sé til réttinda allra barna
- Barnvæn nálgun

Tenging við Barnasáttmálann



8. Endurskoðun á reglum, áætlunum og stefnum sveitarfélagsins með tilliti til barna

Yfirfara reglur, áætlanir og stefnur sveitarfélagsins með tilliti til Barnasáttmálans og réttinda barna. Þegar gerðar eru nýjar reglur, stefnur og áætlanir eða eldri yfirfarnar skal það gert með tilliti til hagsmuna barna.

Tenging við stöðumat

Við yfirferð stýrihóps verkefnisins kom í ljós að þörf er á að yfirfara áætlanir og stefnur sveitarfélagsins með tilliti til réttinda barna.

Ábyrgðaraðili

Sveitarstjóri í samvinnu við umsjónarmann verkefnisins.

Fjárförf

Vinnuframlag starfsfólks.

Tímarammi

Yfirferð á stefnum og áætlunum fari fram jafnóðum og þær verða endurnýjaðar.

Mæling

Þegar yfirferð er lokið og stefnur/áætlanir uppfærðar, eru þær kynntar. Lokið verði við a.m.k. tvær stefnur/áætlanir vorið 2025.

Grunnþættir Barnvæns sveitarfélags

Þessi aðgerð tengist eftirfarandi grunnþáttum;

- Þekking á réttindum barna
- Það sem er barninu fyrir bestu
- Jafnræði - að horft sé til réttinda allra barna
- Þátttaka barna
- Barnvæn nálgun

Tenging við Barnasáttmálann



9. Móta mannréttindastefnu fyrir sveitarfélagið

Markmiðið er að móta og vinna heildstæða og skýra mMannréttindastefnu fyrir sveitarfélagið sem tekur mið af Barnasáttmála og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Lögð verði áhersla á að börn og ungmenni taki þátt í mótun stefnunnar.

Tenging við stöðumat

Í leiðbeinandi spurningalistum í stöðumati verkefnisins kom fram að mannréttindastefna fyrir sveitarfélagið er ekki til.

Ábyrgðaraðili

Umsjónarmaður verkefnisins og sveitarstjóri.

Fjárförf

Vinnuframlag starfsfólks.

Tímarammi

Mannréttindastefna verði unnin á vormánuðum 2025.

Mæling

Þegar mannréttindastefnan er tilbúin verði hún kynnt fyrir starfsfólki sveitarfélagsins, kjörnum fulltrúum og íbúum.

Grunnþættir Barnvæns sveitarfélags

Þessi aðgerð tengist eftirfarandi grunnþáttum;

- Þekking á réttindum barna
- Það sem er barninu fyrir bestu
- Jafnræði - að horft sé til réttinda allra barna
- Þátttaka barna
- Barnvæn nálgun

Tenging við Barnasáttmálann



10. Innleiða barnvænt hagsmunamat inn í verklag stjórnsýslunnar

Hafist verði handa við að innleiða barnvænt hagsmunamat inn í verklag allrar stjórnsýslunnar. Fyrsta skrefið verði að innleiða hagsmunamatið inn í verklag lýðheilsu og æskulýðsnefndar sveitarfélagsins.

Tenging við stöðumat

Það kom fram í stöðumatinu, gátlistum og spurningakönnun, að starfsfólk sveitarfélagsins og kjörnir fulltrúar gætu gert betur í að leita eftir skoðunum barna í þeim málum sem þau varðar.

Ábyrgðaraðili

Umsjónarmaður verkefnisins og formaður Lýðheilsu og æskulýðsnefndar.

Fjárförf

Vinnuframlag starfsfólks/nefnda.

Tímarammi

Innleiðing barnvæns hagsmunamats í eina nefnd sveitarfélagsins verði að veruleika í upphafi árs 2025. Árið 2026 verði aðgerðin rýnd og í kjölfarið verði barnvænt hagsmunamat innleitt í störf fleiri nefnda sveitarfélagsins.

Mæling

Greinargerð þeirrar nefndar sem fyrst innleiðir barnvænt hagsmunamat.

Grunnþættir Barnvæns sveitarfélags

Þessi aðgerð tengist eftirfarandi grunnþáttum;

- Þekking á réttindum barna
- Það sem er barninu fyrir bestu
- Jafnræði - að horft sé til réttinda allra barna
- Þátttaka barna
- Barnvæn nálgun

Tenging við Barnasáttmálann



11. Fræðsla fyrir börn um skóla- og nemendaráð og ungmennaráð og skýrar verklagsreglur.

Með aðgerðinni er ætlað að tryggja fræðslu og upplýsingagjöf til barna og ungmenna um skóla- og nemendaráð og ungmennaráð, skipan þeirra og hlutverk. Einnig að tryggja góðar verklagsreglur um þau ráð og að börn og ungmenni sem þar eiga sæti þekki vel hlutverk sitt og ráðsins og geti miðlað þeirri þekkingu áfram.

Tenging við stöðumat

Það kom fram í spurningalistum til barna í stöðumati að mikið vantaði upp á að börn hefðu nægilegar upplýsingar um tilurð og tilgang skóla- og nemendaráða.

Ábyrgðaraðili

Skólastjórnendur.

Fjárförf

Vinnuframlag starfsfólks.

Tímarammi

Fræðsla fari fram árlega, að hausti.

Mæling

Spurningalisti lagður fyrir börn og ungmenni a.m.k. annað hvert ár. Verklagsreglur fyrir Ungmennaráð, nemendaráð og skólaráð verða uppfærðar og tilbúnar vorið 2025.

Grunnþættir Barnvæns sveitarfélags

Þessi aðgerð tengist eftirfarandi grunnþáttum;

- Þekking á réttindum barna
- Það sem er barninu fyrir bestu
- Jafnræði - að horft sé til réttinda allra barna
- Þátttaka barna
- Barnvæn nálgun

Tenging við Barnasáttmálann



12. Styðja börn af erlendum uppruna sem og öll önnur börn til aukinnar þátttöku í samfélaginu og íþrótta- og tómstundastarfi

Með þessari aðgerð er markmiðið að börn af erlendum uppruna sem búa í sveitarfélaginu fái stuðning við að eflast í þátttöku í samfélaginu. Þau fái fullnægjandi stuðning við íslenskunám og þátttöku í íþrótta- og tómstundastarfi. Mikilvægt er að halda úti fjölbreyttum námskeiðum fyrir börn yfir sumartímann. Mikilvægt er að fræða alla foreldra um mikilvægi þátttöku barna þeirra í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi. Einnig tryggja að foreldrar hafi upplýsingar um frístundastyrk sveitarfélagsins. Standa að viðburðum þar sem börn og foreldrar taki þátt.

Tenging við stöðumat

Í stöðumatinu kom fram hjá börnum að efla þyrfti aðstoð og aðlögun barna af erlendum uppruna. Komu þær áhyggjur helst frá börnum með íslenskan bakgrunn sem fannst ekki nóg að gert.

Ábyrgðaraðili

Umsjónarmaður verkefnisins í samstarfi við starfsmann Heilsueflandi Uppsveita og byggðapróunarfulltrúa Uppsveita.

Fjárbörf

Vinnuframlag starfsfólks.

Tímarammi

Fyrstu verkefni verði kynnt ekki síðar en vorið 2025.

Mæling

Í lok skólaárs 2025-2026 verði tekin saman greinargerð um verkefni aðgerðarinnar og þátttöku nemenda og foreldra. Vorið 2025 verði tilbúin áætlun um bættan stuðning við íslenskunám og dagskrá fræðslu/námskeiða fyrir foreldra.

Grunnþættir Barnvæns sveitarfélags

Þessi aðgerð tengist eftirfarandi grunnþáttum;

- Þekking á réttindum barna
- Það sem er barninu fyrir bestu
- Jafnræði - að horft sé til réttinda allra barna
- Þátttaka barna
- Barnvæn nálgun

Tenging við Barnasáttmálann



13. Börn fá tækifæri til að setja mark sitt á umhverfis- og skipulagsmál í sveitarfélaginu

Það er mikilvægt að börn og ungmenni hafi möguleika á því að hafa áhrif á umhverfi og skipulag með því að taka þátt í stefnumótun umhverfis- og skipulagsmála. Þegar unnið er að skipulagi sem snýr að einhverju leyti að umhverfi barna skal það kynnt fyrir börnum og kallað eftir hugmyndum þeirra. Gæta þarf þess sérstaklega að kynning á viðfangsefninu fari fram áður en börnin eru beðin um að hafa skoðun á því. Einnig að aðkoma þeirra sé það snemma í ferlinu að hún verði merkingarbær. Þessi verkefni geta verið t.d. skólalóðir, leikvællir, íþróttasvæði, opin svæði, göngustígar eða skipulag nýrra hverfa/svæða. Á árinu 2024 var farið í fyrsta áfanga að endurnýjun leiksvæðis við grunnskólann. Áður en hönnun lá fyrir var haldið nemendaeðing í grunnskólanum þar sem nemendur komu með hugmyndir að tækjum og útliti svæðisins og var það haft til hliðsjónar við lokahönnun svæðisins.

Tenging við stöðumat

Það kom fram í stöðumati að börn höfðu miklar skoðanir á umhverfinu s.s. á skólalóðum og opnum svæðum. Þau töldu að það vantaði upp á kynningu til þeirra svo að þau gætu haft skoðun á málefnum.

Ábyrgðaraðili

Sveitarstjóri og umsjónarmaður verkefnisins.

Fjárförf

Vinnuframlag starfsfólks.

Tímarammi

Alltaf haft til hliðsjónar þegar umhverfis- og skipulagsmál eru tekin fyrir.

Mæling

Fjöldi verkefna/kynninga/samræðna sem unnin eru með börnum, að lágmarki eitt til tvö á ári.

Grunnþættir Barnvæns sveitarfélags

Þessi aðgerð tengist eftirfarandi grunnþáttum;

- Þekking á réttindum barna
- Það sem er barninu fyrir bestu
- Jafnræði - að horft sé til réttinda allra barna
- Þátttaka barna
- Barnvæn nálgun

Tenging við Barnasáttmálann



14. Auka vellíðan, sjálfstraust, félagslega færni og getu barna/ungmenna til að setja mörk

Festa í sessi reglulega fræðslu fyrir börn og ungmenni er varða vellíðan, geðheilbrigði, félagslega færni og efla getu þeirra til að setja mörk. Þessi aðgerð er í anda snemmtækrar íhlutunar í formi fræðslu og ráðgjafar sem veitir forvörn við andlegum og félagslegum vandamálum sem annars myndu leiða til langvarandi stuðningsþarfa. Fræðsluáætlun verður unnin í samráði við börn í takt við þeirra hugmyndir.

Tenging við stöðumat

Í stöðumati kom fram að börn eru mjög meðvituð um eigin vellíðan og annarra. Þau töldu mikilvægt að andlegri heilsu væri sinnt svo að öllum liði vel.

Ábyrgðaraðili

Umsjónarmaður verkefnisins í samstarfi við skólastjórnendur, skólahjúkrunarfræðing og starfsfólk Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Fjárförf

Vinnuframlag starfsfólks og fjárframlag til aðkeyptrar fræðslu.

Tímarammi

Fræðsluáætlun verði fullbúin vorið 2025.

Mæling

Lagðir fyrir spurningalistar og samantekt á fræðslu til barna/ungmenna.

Grunnþættir Barnvæns sveitarfélags

Þessi aðgerð tengist eftirfarandi grunnþáttum;

- Þekking á réttindum barna
- Það sem er barninu fyrir bestu
- Jafnræði - að horft sé til réttinda allra barna
- Þátttaka barna
- Barnvæn nálgun

Tenging við Barnasáttmálann



15. Auka sjálfstæði og vellíðan barna í leikskóla með því að auka val þeirra á viðfangsefnum

Í rýnihópi kom fram að börn í leikskólanum vildu hafa meiri áhrif á dagskrá skóladagsins t.d. með auknu vali, þau nefndu t.d. að fá að fara oftari í Skrautás (listir), vali á leikfélögum og vettvangsferðum, þar nefndu þau t.d. að fara oftari í Lækjargarðinn og á hoppubelginn.

Það sem börnunum þótti skemmtilegast að gera í leikskólanum tengdist að mestu leikjum, leika með vinum og þegar lesið væri fyrir þau. Það sem þótti leiðinlegt í leikskólanum tengdist helst því ef krakkar væru að meiða aðra eða rífast. Gerð verði áætlun, fyrir vorið 2025, um að börnin hafi *ákveðið val* um viðfangsefni/hópastarf/val um félaga á ákveðnum tímum innan skólastarfsins. Til dæmis daglega/vikulega.

Tenging við stöðumat

Í stöðumati kom fram að börnin vilja hafa aukið val um hvað þau taki sér fyrir hendur og hvernig skóladegi þeirra er háttað. Þau eru mjög meðvituð um eigin vellíðan og annarra. Þau töldu mikilvægt að andlegri heilsu væri sinnt svo að öllum liði vel.

Ábyrgðaraðili

Umsjónarmaður verkefnisins í samstarfi við réttindafulltrúa leikskólans og skólastjórnendur.

Fjárförf

Vinnuframlag starfsfólks.

Tímarammi

Áætlun um að börnin hafi *ákveðið val* um viðfangsefni/hópastarf/val um félaga á ákveðnum tímum innan skólastarfsins. Til dæmis daglega/vikulega. Áætlunin liggja fyrir eigi síðar en vorið 2025.

Mæling

Regluleg viðtöl (rýnihópur) við tvo elstu árganga leikskólans.

Grunnþættir Barnvæns sveitarfélags

Þessi aðgerð tengist eftirfarandi grunnþáttum;

- Það sem er barninu fyrir bestu
- Jafnræði - að horft sé til réttinda allra barna
- Þátttaka barna
- Barnvæn nálgun

Tenging við Barnasáttmálann



Samantekt

Hrunamannahreppur samþykkti að innleiða verkefnið Barnvænt sveitarfélag, og þar með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, inn í störf og stefnur sveitarfélagsins. Stofnaður var stýrihópur sem vann að framgangi verkefnisins ásamt umsjónarmanni þess.

Það hefur tekið langan tíma að komast á þann stað sem við erum núna og margt hefur verið gert á leiðinni. Vinnan við stöðumatið var viðamikil en gekk vel að flestu leiti. Þó spilaði þar inn í heimsfaraldur sem hægði mjög á ferlinu.

Þegar greiningu á þeim gögnum sem söfnuðust í stöðumatinu var lokið var hafist handa við að undirbúa aðgerðaáætlun. Í millitíðinni var unnið að fræðsluáætlun fyrir allt starfsfólk og vinna við að hrinda henni í framkvæmd var sett af stað.

Aðgerðaáætlun er nú fullunnin og kemur hún inn á nokkra þætti, þeir eru helstir: Raddir barna, fræðsla, líðan barna, umhverfi- og skipulag og aðgerðir sem snúa að stjórnsýslu. Aðgerðirnar eru alls 15.

Valið á aðgerðunum helgast af þeirri þörf sem við sáum við yfirferð á stöðumatinu, hvar við getum bætt okkur í að huga að réttindum barna í sveitarfélaginu.

Aðgerðirnar eru flestar tímasettar á fyrripart ársins 2025 og því er stefnt að viðurkenningu á vormánuðum 2025.

Kolbrún Haraldsdóttir
umsjónarmaður verkefnisins